

# Textílmennt 9. bekkur

Kennarar: Ingunn Elísabet Viktorsdóttir

9

Skólaárið

2023 - 2024.

## Helstu námsþættir vetrarins

Í 9. bekk er unnið með yfirþemað „Borð fyrir einn“ þar sem nemendur fá að hanna og búa til ýmislegt sem hægt er að leggja á borð. Verkefnið er samþætting textílmenntar, myndmenntar og hönnunar og smíði. Í textílmennt sauma nemendur diskamottu eða servíettu að eigin vali. Í myndmennt fá þeir að móta kökudisk úr leir og glerja hann. Í hönnun og smíði smíða þeir kökuspaða eða kökuhníf eftir eigin sköpun. Í lok skólaárs halda nemendur kökuboð og sýna um leið verk sín þar sem forráðamönnum verður boðið að koma og sjá afraksturinn.

## Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Kennt er í fjórum lotum og hver nemandi fær eina 60 mínútna kennslustund á viku.

## Námsaðlögun

Nemendur vinna einstaklingslega að verkefnum þar sem komið er til móts við getu hvers og eins.

## Námsmat

Kennaramat og lokamat í verkgreinum. Kennari metur frammistöðu og virkni nemanda í kennslustundum ásamt lykilhæfni þeirra. Í 9. bekk er gefin sameiginleg lokaeinkunn fyrir verkgreinar sem samanstendur af textílmennt og hönnun og smíði. Lokamatið fylgir nemendum úr grunnskóla.

## Námsgögn

Glærukynning, bækur, blöð, ljósrit, efniviður og annað sem til fellur í hverri námsgrein.

AS Textílmennnt 9. bekkur 2019 - 2024

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

AS Textílmennnt 9. bekkur 2019 - 2024 - Lykilhæfni

- fer eftir fyrirmælum og leiðsögn
- er sjálfstæð/ur í vinnu
- leggur sig fram, tekur ábyrgð á eigin námi og nýtir tímann vel

AS Textílmennnt 9. bekkur 2019 - 2024 - Handverk, aðferðir og tækni

- beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt

AS Textílmennnt 9. bekkur 2019 - 2024 - Sköpun, hönnun og útfærsla

- notað þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði
- unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna

Verkgreinar matsviðmið 8.-10. bekkur

- **Námsmat** með hliðsjón af matsviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla